

mannafje. Á rekstri málsins hefur staðið mjög lengi. Þannig hefur liðið fram undir ár frá því amtið skipaði málshöfðunina og þangað til málið var dæmt, og er þessi dráttur á málinu ekki rjettlættur af hjeradsdómaranum. Samt sem áður virðist eptir atvikum ekki alvel næg ástæða til að láta hjeradsdómarann sæta ábyrgð fyrir. Sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefur verið lögleg.

Málskostnaður fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmanns Páls Einarssonar og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Mánudaginn 5. júní mánaðar.

Nr. 51/1892:

E. Egilsson

gegn

Jóni J. Breiðfjörð.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í hjeradi af hreppstjóra í Vatnsleysustrandarhreppi, Jóni J. Breiðfjörð, gegn E. Egilsson út af uppboðsskuld. Var það dæmt í gestarjetti Reykjavíkur 20. desbr. f. á. með þeim úrslitum, að

Egilsson var dæmdur til að greiða Jóni hreppstjóra Breiðfjörð 410 kr. 70 aur. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 20 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefur E. Egilsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu, dagsettri 22. desbr. f. á., og krafizt, að gestarjettardóminum verði hrundið og breytt í þá átt, að hann verði alveg sýknaður af kær-um og kröfum stefnda, Jóns Breiðfjörðs í þessu máli, en að stefndi verði dæmdur í sekt fyrir óparfa þrætu og til að borga hæfilega kost og tæringu og málskostnað fyrir báðum rjettum eptir mati landsyfirdómsins. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði að öllu leyti staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með einhverju eptir rjettarins mati nægilegu.

Máli þessu er svo varið, að áfrýjandi á uppboði að Hlöðunesi í Vatnsleysustrandarhreppi 10. marz 1888, er hinn stefndi hreppstjóri hjelt í umboði hlutaðeigandi sýslumanns, varð hæstbjóðandi að ýmsum munum fyrir samtals kr. 394,90, eða að viðbættum sölulaunum 15 kr. 80 a., 410 kr. 70 a. Við uppboðið skýrði hann stefnda frá, að hann hefði umboð kaupmanns J. O. V. Jónssonar í Reykjavík til þess að bjóða í muni á uppboðinu og sýndi hann hið brjeflega umboðsskjal. Stefndi lýsti því þá yfir, að áfrýjandi sjálfur yrði skrifadur fyrir þeim munum, er hann yrði hæstbjóðandi að og yrði að ábyrgjast borgunina, og er það sannað með eiofestum vitnisburði 2ja samhljóða vitna. Þegar nú uppboðsskuldin ekki var greidd í ákveðinn gjalddaga heimtaði stefndi uppboðsskuldina greidda af Jóni kaupmanni Jónssyni eða búi hans, og er ekkert gat fengizt úr búinu, sem var protabú, krafði hann áfrýjanda

um skuldina. Með því það, eins og áður er sagt, er sannað í málinu, að hinn stefndi við uppboðið lýsti því yfir, að áfrýjandi yrði að ábyrgjast greiðslu andvirðis þeirra muna, er hann á uppboðinu kynni að verða hæstbjóðandi að, þá er áfrýjandi rjett krafinn um skuldina, og getur stefndi í engu tilliti hafa misst rjett sinn gagnvart áfrýjanda, þótt stefndi hafi áður — en forgefins — reynt til, að ná inn skuldinni hjá búi Jóns kaupmanns Jónssonar.

Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða gestarjettardóm, þó þannig, að málskostnaður falli niður. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist og eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi E. Egilsson á að greiða stefnda Jóni Breiðfjörð 410 kr. 70 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 12. júnímánaðar.

Nr. 12/1893:

Rjettvísinn  
gegn

Guðmundi Björnssyni.

D ó m u r:

Með aukarjettardómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, uppkveðnum 8. febr. þ. á., var hinn ákærði Guðmund-